

## REGLUR

### um hæfingu og iðju fyrir fatlað fólk hjá Múlaþingi.

#### Markmið og markhópur.

##### 1. gr.

Hæfing, iðja og virkniþjálfun fyrir fatlað fólk byggir á lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og er hluti af stoðþjónustu sveitarfélagsins. Markmið stoðþjónustu er að styðja við þátttöku fatlaðs fólks í samfélaginu, auka virkni og koma í veg fyrir félagslega einangrun.

#### Skipulag þjónustunnar.

##### 2. gr.

Skv. 22. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir telst öll atvinnu- og hæfingartengd þjónusta sem ætluð er fötluðu fólki til vinnumarkaðsaðgerða. Vinnumálastofnun (VMST) annast skipulag og vinnumarkaðsaðgerðir fyrir fatlað fólk, þar á meðal vinnumiðlun, mat á vinnufærni og mat á þörf fyrir vinnumarkaðsúræði, sbr. lög um vinnumarkaðsaðgerðir nr. 55/2006. Skipulag, framkvæmd og rekstur vinnustaða fyrir verndaða vinnu, hæfingu og virkniþjálfun er á ábyrgð sveitarfélags, nema annað sé sérstaklega ákveðið með samkomulagi ríkis og VMST.

Samstarf og samráð er við VMST í þeim tilgangi að tryggja samfellu á milli vinnumarkaðsaðgerða og þjónustu sveitarfélagsins.

##### 3. gr.

Sú þjónusta sem í boði er:

*Stólpi á Egilsstöðum - hæfing, iðja*, er dagþjónusta fyrir fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir. Þar er veitt, virkniþjálfun, afþreying og umönnun sem og stuðlað að aukinni hæfni til starfa og þátttöku í daglegu lífi með stuðningi og aðstoð.

#### Afgreiðsla umsókna.

##### 4. gr.

Umsóknir um hæfingu og iðju berist í gegnum Þulu sem er vefsíða VMST. Starfsmaður félagsþjónustu Múlaþings tekur við umsóknum og metur þörf fyrir þjónustu í samvinnu við forstöðumann Stólpa og VMST. Umsóknir ásamt mati eru lagðar fyrir fund meðferðarteymis félagsþjónustunnar til fullnaðarafgreiðslu og skráðar til afgreiðslu umsóknar í Þulu og í málakerfi sveitarfélagsins. Forstöðumaður Stólpa skipuleggur þjónustuna í samvinnu við umsækjanda.

#### Áfrýjun.

##### 5. gr.

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað skv. reglum þessum er honum heimilt að vísa ákvörðun félagsþjónustunnar til fjölskylduráðs Múlaþings innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Fjölskylduráð skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem auðið er.

##### 6. gr.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun fjölskylduráðs til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun fjölskylduráðs.

**Gildistími.**

7. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.  
Samþykkt af sveitarstjórn Múlaþings 9. mars 2022.

*Múlaþingi, 15. mars 2022.*

**Björn Ingimarsson** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfudagur: 26. apríl 2022